

1055.stjórnarfundur VR

19.01.2011

Fundarsalur á 2.hæð í Húsi Verslunarinnar

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Jón Magnússon (JM), Bjarni Þór Sigurðsson (BÞS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (ÍÓB), Bjarki Steingrímsson (BS), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Bergur Steingrímsson (BSt), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Hildur Mósesdóttir (HM), Óskar Kristjánsson (ÓK), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Sigurður Sigfússon (SS) og Guðrún Helga Tómasdóttir (GHT).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundur er settur kl:18:30 og hefst með því að KÖJ býður stjórnarmenn velkomna og kynnir dagskrá fundarins.

HM leggur fram tillögu. (*fskj 1.*)

Bókun HM:

„Tillaga lögð fram um dagskrábr. Liður 9. verði: „Bókun Bjarka Steingrímssonar“, liður 10. verði „Önnur mál“.

Tillagan er samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur, aðrir sitja hjá.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerð 1054. stjórnarfundar er samþykkt einróma og án athugasemda.

2. Atvinnu- og kjaramál

KÖJ heldur framsögu um stöðu atvinnu- og kjaramála. Hann nefnir m.a. að stefnt sé á fund með SA á mánudaginn og að stefnt sé að því að fá fulltrúa ASÍ og VR til að fara frekar yfir stöðu mála með stjórninni. Jafnframt kemur fram að það standi til að halda upplýsingafund um stöðu kjarasamninga fyrir félagsmenn.

- Umræður

Samþykkt er að halda fund að viku liðinni um kjaramál þar sem frekari umræður um þessi mál eiga sér stað.

3. Erindi frá deildum VR í Vestmannaeyjum og Austurlandi

KÖJ leggur fram gögn frá deildunum útá landi þ.e. framvísar fundargerðum deildana og samningunum VR við deildirnar. Jafnframt er ákveðið er að bjóða fulltrúum þeirra á fund stjórnar að viku liðinni til að ræða frekar kjaramál sem og ábendingar deildana varðandi ný lög VR.

- Umræður um orlofsmál og samkomulag VR við deildirnar útá landi.

4. Kosningar

KÖJ leggur fram minnisblað um drög að dagsetningum fyrir kosningarnar árið 2011.

- Umræður

Minnisblaðið er samþykkt einróma en jafnframt er því beint til kjörstjórnar að reyna eftir fremsta megni að flýta kosningunum.

5. 120 ára afmæli VR

BV leggur fram bókun. (fskj. 2)

Bókun BV:

„ Í tilefni 120 ára afmælis VR, áður Verzlunarmannafélag Reykjavíkur, samþykkir stjórn að veita 1 milljón fyrir hvert afmælisár til uppbyggingar í orlofsmálum, eða 120 milljónir. Fjármununum verði veitt til uppbyggingar í Miðhúsaskógum á næstu þremur árum. “

- Umræður

Tillaga BV er samþykkt einróma.

Ákveðið er að stjórnin beini þeim óskum til samskiptasviðs félagsins að taka saman gamalt auglýsingaefni frá félaginu til sýningar á árinu.

KÖJ óskar eftir framboðum í afmælisnefnd að þessu tilefni.

IÓB, RÞI, GJÓ og BÞS bjóða sig fram og jafnframt eru tveir starfsmenn tilnefndir í nefndina en þeir eru Helga Árnadóttir og Kristín Sigurðardóttir.

Nefndin er samþykkt einróma.

6. Tillaga Ingibjargar frá síðasta fundi

KÖJ les upp bókun IÓB frá síðasta stjórnarfundi.

- Umræður

RÞI leggur fram frávísunartilögu með tveimur meðmælendum þ.e. HM og JM. (fskj. 3)

Frávísunartillaga frá RÞI er samþykkt með 11 atkvæðum.

7. Tillaga Guðrúnar Jóhönnu frá síðasta fundi

KÖJ les upp bókun GJÓ frá síðasta stjórnarfundi.

- Umræður

BSt leggur fram frávísunartillögu með tveimur meðmælendum þ.e. ÁRJ og ÓK. (fskj. 4)

Frávísunartillaga frá BSt er samþykkt með 10 atkvæðum.

8. Álit v/formanns

KÖJ kynnir álitargerð á ASÍ varðandi umboð formanns gagnvart stjórn félagsins.

- Umræður

HM leggur fram tillögu. (fskj. 5)

- Umræður

HM dregur tillögu sína tilbaka.

ÁRJ leggur fram tillögu. (fskj. 6)

Tillaga ÁRJ:

„ Tillaga um að fresta umræðum um dagskrálið 8, að umræðum verði frestað til stjórnarfundar eftir aðalfund í apríl. “

Tillaga ÁRJ er samþykkt með 11 atkvæðum.

9. Bókun Bjarka Steingrímssonar á síðasta fundi

HM leggur fram tillögu. (fskj. 7)

Umræður

Samþykkt var að halda stutt fundarhlé. (kl: 21:20)

Fundur er settur að nýju af KÖJ kl:21:40.

- Umræður

KÖJ leggur fram tillögu um að fresta þessum dagskrálið og öðrum málum til næsta fundar og er það samþykkt án athugasemda.

10. Önnur mál

Tölvupóstur ÁRJ þann 13.jan til fundarritara er bókaður í fundargerð. (fskj. 8)

Tölvupóstur ÁRJ:

„ Sæll Addi,

Stjórn VR samþykkti með rafrænum hætti 12. janúar 2011 að eftirtaldir aðilar yrðu tilnefndir í kjörstjórn VR:

Teitur Lárusson

Guðmundur B. Ólafsson

Árni Leósson til vara.

Getur þú bókað þessa samþykkt í næstu fundargerð stjórnar VR.

*Kveðja,
Ásta Rut “*

Fundi er slitið kl: 21:50